

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1992

Nr. 372

738

15. október 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

20. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vémundar, sem er Búða-, Fáskrúðsfjarðar-, Breiðdals- og Stöðvarhreppur, allir í Suður-Múlasýslu. Hámarkstala er 12 vörubifreiðar.

2. gr.

21. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Ökupórs, sem er Djúpavogshreppur í Suður-Múlasýslu. Hámarkstala er 6 vörubifreiðar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. október 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 373

6. október 1992

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að einstefna verði á Bragagötu frá Freyjugötu að Bergstaðastræti.
2. að einstefna verði á Tómasarhaga frá Dunhaga að Fálkagötu og að biðskylda verði á umferð um Tómasarhaga gagnvart umferð um Dunhaga.
3. að stöðvunarskylda verði á Týsgötu og Klapparstíg við Skólavörðustíg.
4. að stöðvunarskylda verði á Skeifunni (nyrðri) við Grensásveg.

Steindórsprent Gutenberg hf.

5. að stöðvunarskylda verði á Súðarvogi við Kleppsmýrarveg.
 6. að stöðvunarskylda verði á Stórholti við Rauðarárstíg.
 7. að stöðvunarskylda verði á Bergstaðastræti við Skólavörðustíg.
 8. að biðskylda verði á umferð á Eldshöfða og Eirhöfða gagnvart umferð á Breiðhöfða.
- Auglýsing þessi tekur gildi 27. október 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. október 1992.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. stöðubann við vesturkant Tjarnargötu frá og með húsi nr. 30 að Kirkjustræti.
 2. stöðubann við austurkant Tjarnargötu milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis.
- Auglýsing þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. október 1992.

Böðvar Bragason.